

## Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 1. mars 2023

**Fyrirlesari:** Ragnar Daníelsen, hjartalæknir

**Efni:** „Mahler og músikin“

Mættir: 58 skráðir í register, þar af nokkrir makar og gestir félagsmanna.

Formaður setti fundinn og stýrði. Í upphafi minntist hann Einars Baldvinssonar, læknis, sem lést 13. janúar s.l.

Ragnar fjallaði einkum um sjúkrasögu Gustavs Mahler, og lagði út frá henni í mjög fróðlegu og fræðandi erindi. Honum var jafnframt tíðrætt um kvennamál Mahlersm og var gerður góður rómur að því. Eiginkonu Mahlers, Ölmur Mahler (sem einn fundarmanna kallaði reyndar Ölmur Möller) voru gerð góð skil. Barst erindið m.a. að Walter Gropius og Bauhaus skólanum og fleira athyglisverðu fólki.

Erindið var mjög fróðlegt og flutt af skörungsskap. Því var vel tekið af fundarmönnum og urðu líflegar umræður í kjölfarið.

Formaður þakkaði Ragnari og færði honum ljóðabók Hjálmars Freysteinssonar sem þökk fyrir erindið.

Sigurður Guðmundsson, fundarritari.